



Reykjavík, 22. febrúar 2024

MSS23090126

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Stafrænt ráð

**Sendandi:** Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

---

### Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stöðu Hverfið mitt verkefna í Breiðholti

Á fundi stafræns ráðs þann 11. október 2023 var meðfylgjandi fyrirspurn vísað til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Svar:

Framkvæmd verkefna sem hlutu sæti 1-7 í Hverfið mitt 2021 er lokið, sjá nánari útlitun hér að neðan. 16 verkefni hlutu kosningu í Breiðholti og komu til framkvæmda á árinu 2022. Fjárheimild fyrir hverfið voru 130 milljónir. Samtals kostnaður fyrir verkefni sem hlutu sæti 1-7 var: 32.292.099 kr.- og rúmast það innan ofangreindrar fjárheimildar.

Verkefni sem hlutu sæti 1-7 voru:

- Jóla ljós í tré milli Efra og Neðra Breiðholts.** Verkefnið hefur verið framkvæmt. Jóla ljós voru fyrst sett upp jólin 2021 og hefur hverfamiðstöð sett þau upp hver jól eftir það.
- Nýjar ruslatunnur í hverfið.** Verkefnið hefur verið framkvæmt. 8 ruslastampar settir upp. Staðsetningar þeirra: bekkur og ruslastampur á gras við Jakasel/Jórusel. Bekkur og ruslastampur leiksvæði milli Klyfjasels 7 og 25. Ruslastampur Seljabraut við Akrasel. Bekkur og ruslastampur við Skógarsel/Árskóga. Bekkur á gras og ruslastampur neðan við Heiðnaberg 9. Bekkur á gras og ruslastampur við Háberg 40-42. Bekkur með hellulagt undir og ruslastampur á göngustíg bak Hólabergs 84. Ruslastampur við Arnarbakka.
- Bætt lýsing á völdum stöðum í hverfinu.** Verkefnið hefur verið framkvæmt. Ljósastaurar voru settir upp við undirgöng í Suðurhólum. Þá voru einnig settir upp ljósastaurar á göngustíg á milli botnlanga í Brekkuseli 35 og 36 og botnlanga við Akrasel 29 og 35.
- Jóla ljós við Seljatjörn.** Verkefnið hefur verið framkvæmt. Jóla ljós voru fyrst sett upp jólin 2021 og hefur hverfamiðstöð sett þau upp hver jól eftir það.



Reykjavík



5. **Ærslabelgur í Seljahverfi.** Verkefnið hefur verið framkvæmt. Ærslabelgurinn er staðsettur neðan við Ölduselsskóla.

6. **Gróðursetja fleiri tré á völdum stöðum í hverfinu.** Verkefnið hefur verið framkvæmt. Gróðursett var á nokkrum stöðum í hverfinu við Möðrufell, Nönnufell, Kötlufell (efri göngustígur í Elliðaárdal), Suðurfell og Vesturberg.

7. **Fleiri bekki í hverfið.** Verkefnið hefur verið framkvæmt. 8 bekkir settir upp. Bekkur og ruslastampur á gras við Jakasel/Jórusel. Bekkur og ruslastampur leiksvæði milli Klyfjasels 7 og 25. Tveir bekkir með hellulagt undir í Seljagarði. Bekkur og ruslastampur við Skógarsel/Árskóga. Bekkur á gras og ruslastampur neðan við Heiðnaberg 9. Bekkur á gras og ruslastampur við Háberg 40-42. Bekkur með hellulagt undir og ruslastampur á göngustíg bak Hólabergs 84.

Virðingarfyllst,  
Anna Kristinsdóttir  
*Miðlæg stjórnarsýsla*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*

Hjálagt: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins



**Reykjavík**

**BORGARRÁÐ 21. september 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stöðu Hverfið mitt verkefna í Breiðholti – MSS23090126**

Óskað er upplýsinga um kostnað við verkefni frá 1-7 í kosningu Hverfið mitt í Breiðholti. Flokkur fólksins hefur áður spurt um vúlgar stigann í Breiðholti sem lenti í 8. sæti í kosningunni Hverfið mitt og hvort verkefnin sem voru í sæti 1 til 7 hefðu verið framkvæmd en þau voru jólaljós í tré og jólaljós við Seltjörn, nýjar ruslatunnur, bætt lýsing í hverfið, gróðursetning trjáa, Ærslabelgur og trampólíngarður. Í svari segir að fjárheimildir kr. 130 m.kr hafi rúmað stigann kr. 36 m.kr sem hafnaði í 8. sæti. Ekki er getið hvað hin verkefnin kostuðu. Gefið er í skyn í svari að verkefni 1-7 á vinsældarlistanum hafi öll verið framkvæmd. Í ljós hefur komið að það sé mögulega alls ekki rétt. Hvergi bólar t.d. á bættari lýsingu og nýjum tunnum, í það minnsta kannast íbúar ekki við það. Í framhaldi má spyrja af hverju er sagt að þessi verkefni hafi verið framkvæmt þegar þau hafa ekki verið framkvæmd?